



Frá fyrsta formlega fundi Búsældar og Norðlenska. Hann var haldinn þann 3. maí árið 2004 að Narfastöðum í Reykjadal.

Staðan vel viðunandi

Nú í desember eru liðin 10 ár frá stofnun Búsældar ehf. Tilgangurinn með stofnun félagsins var að sláturhús og kjötvinnsla Norðlenska, yrði í eigu félags bænda á Norður- og Austurlandi, og að framleiðendur sem á svæðinu búa, væru tryggir með afsetningu sinna afurða á samkeppnishæfu verði.

Erfiðleikar höfðu verið miklir í rekstri Norðlenska um hríð og til stóð að selja félagið burt úr héraði. Síðar bættust bændur á suðaustur svæðinu í hóp Búsældarmanna, þegar Norðlenska tók að sér að reka sláturhúsið á Höfn eftir að sláturfélagið Búi lenti í vandræðum með fjármögnun félagsins.

Ekki höfðu allir trú á þessum félagskap í upphafi þó svo að mikill fjöldi bænda hafi verið með allt frá stofnun félagsins. Markmiðið hefur tekist, það er að tryggja rekstur Norðlenska og að það sé alfarið í eigu bænda, þrátt fyrir ýmis utanáðkomandi áföll á þessum 10 árum sem Búsæld hefur starfað. Mikil verðbólga og efnahagshrun hefur ekki hjálpað til við að gera reksturinn arðbærann, og áætlanir um niðurgreiðslu skulda hafa ekki gengið eftir.

Þó hafa félögin ekki fengið neina niðurfellingu skulda, einungis leiðrétt-



Óskar Gunnarsson.

ingar lána samkvæmt dómum eins og aðrir í þjóðfélaginu.

En þrátt fyrir allt þá er staða Búsældar og Norðlenska í dag mjög vel við unandi og ef engin frekari áföll verða í rekstrarumhverfi félaganna á næstu árum, þá verður staða Búsældar sterk, og mikil verðmæti í félaginu fólgin, bæði félagslega og efnahagslega séð.

Þar sem félagið er í dreifðri eignaraðild bænda á starfssvæði Norðlenska er mikilvægt að endurnýjun verði í eigenda hópnum og að bæði nýir og fleiri bændur komi til liðs við félagið. Fleiri framleiðendur sem sjái sér hag í því að leggja sínar afurðir

inn hjá Norðlenska. Það gerir reksturinn auðveldari og arðvænlegri, og stuðlar að möguleikum til að greiða hærra afurðaverð, og að ekki þurfi að kaupa hráefni frá öðrum afurðastöðvum eða með innflutningi erlends frá.

Það hefur verið, og er stefna Norðlenska, að vinna alfarið með innlent hráefni, þó svo að stundum hafi þurft að slá af þeirri stefnu til að uppfylla viðskiptasamninga. Nú er staðan þannig að það vantar hráefni í öllum kjöttegundum til að vinnslan geti annað eftirspurn, og því mikilvægt að auka hráefnisöflunina.

Á þessum tímamótum ber að þakka þá framsýni og það áræði sem þeir bændur sýndu sem hófu þetta ferli, með stofnun Búsældar ehf á sínum tíma, og allra þeirra sem komið hafa að rekstri félagsins á þeim 10 árum sem félagið hefur starfað.

Ég vil nota tækifærið og óska öllum Búsældar félögum til hamingju með 10 ára afmælið og jafnframt óska þeim og bændum öllum á starfssvæði Búsældar, ásamt starfsfólki Norðlenska, gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, með kæru þakklæti fyrir samstarfið á liðnum árum.

Óskar Gunnarsson,
formaður stjórnar Búsældar

Bændur geta verið stoltir af félaginu og starfsemi þess

Kæru Búsældarfélar, til hamingju með afmælið!

Það var á vormánuðum árið 2008 sem ég var beðin um að taka sæti í stjórn Norðlenska. Þrátt fyrir töluverðar annir þá þurfti ég ekki að hugsa mig lengi um. Félagið hafði verið mér lengi nokkuð kært, en ég hafði komið að stofnun þess þegar ég var lögfræðingur og starfsmannstjóri KEA á árunum 1998-2001. Þetta gaf mér auk þess tækifæri til koma reglulega Norður og „anda að mér fersku súrefni“ eins og ég segi stundum til gamans.

Uppleggið með stjórnina var að hafa tvo utanaðkomandi aðila, þ.e. ekki félagsmenn Búsældar en meirihluti stjórnar Norðlenska er þó skipaður félagsmönnum Búsældar. Það er mín skoðun að þetta hafi verið skynsamlegt fyrir félagið því þetta tryggir breiða fagþekkingu innan stjórnarinnar. Eigendur félagsins voru framsýnir og meðal annars vegna yfirvofandi lagasetningar um jafnan hlut kynja í stjórnnum félaga þá fór Búsæld þá leið að skipa strax tvær konur í stjórnina en þetta var nokkru áður en hin umræddu lög tóku gildi. Þetta fyrirkomulag um utanaðkomandi aðila í stjórn (í minnihluta) skerpir jafnframt skilin að nokkru leyti á milli Búsældar og Norðlenska, sem veitir forystu Búsældar tækifæri til að sinna mikilvægum verkefnum fyrir Búsældarfélaga. Fyrstu tvö árin var með okkur Auður Finnbogadóttir en frá 2010 hefur Sigríður Elín Sigfúsdóttir verið í stjórninni með okkur og hefur verið mjög mikill styrkur að aðkomu hennar að stjórn. Þeir þrír stjórnarmenn sem jafnframt eru félagar í Búsæld hafa svo sérþekkingu á sviðinu og eðlilega beina tengingu við félagsmenn Búsældar. Þeir eru auk þess með víðtæka reynslu á störfum úr bændasamfélaginu sem er félaginu svo mikilvægt. Þar sem stjórnin er skipuð aðilum með nokkuð breiðan og ólíkan bakgrunn er oft mismunandi nálgun og sjónarmið sem þarf að ræða áður en ákvarðanir eru teknar. Það er að mínu viti fyrst og fremst af hinu góða og tryggir breiðan grundvöll umræðu og betri gæði í ákvarðanatöku. Við þurfum ekki öll, alltaf að vera sammála í



Heiðrún Jónsdóttir.

öllum málum, en við berum gæfu til að vinna vel saman – og öll höfum við hagsmuni félagsins, eigenda og starfsmanna, fyrst og fremst að leiðarljósi.

Þegar ég tók sæti í stjórn Norðlenska voru blíkur á loft í íslensku efnahagslífi og höfðum við í stjórninni nokkrar áhyggjur af gangi mála í samfélaginu sem varð til þess að ákvarðanir sem þá voru teknar voru varfærnar – og hef ég oft þakkað fyrir það eftir það sem síðar kom í ljós.

Þrátt fyrir sterka fjárhagslega stöðu fyrir hrun þá tók í við hrunið. Skuldir félagsins, rétt eins og skuldir annarra félaga og heimila landsmanna, nánast stökkbreyttust á einni nóttu. Í kjölfarið var félagið gert upp með miklu tapi og eigið fé þess varð neikvætt.

Forgangsatríði okkar var að verja eignarhlut bænda í félaginu, styrkja eiginfjárstöðu þess og bæta rekstur félagsins. Hljómar kannski eins og það hafi verið frekar einfalt, en því er ekki að leynd að við tók erfitt tímabil. Forgangur var að ná leiðréttingu á erlendum lánum félagsins, en ég lagði mikla áherslu á að lögmæti þeirra væri ekki ljóst – og sóttum við kröfur félagsins af festu til kröfuhafa, og hlutum ekki alltaf miklar vinsældir fyrir. Sjónarmið okkar og kröfur hafa að mestu gengið eftir, þótt það hafi tekið lengri tíma en vonir stóðu til. Þetta skipti sköpum við að rétta af efnahag félagsins. Skýrt skal þó tekið fram að félagið hefur ekki fengið neinar niðurfellingar á skuldum, eingöngu leiðréttingu á ólögmætum lánum. Stjórn og stjórnendum félagsins tókst einnig með samhentum átaki að snúa rekstrinum á skömmum tíma og voru þar

margir þættir sem spiluðu inn í, m.a. hagstæðari skilyrði til útflutnings, hagræðingaraðgerðir, aukin vinnsla á afurðum sem áður var fargað o.fl.

Rekstur félagsins er núna í góðu jafnvægi. Rekstrarumhverfið er þó viðkvæmt og má ekki nú frekar en áður gefa slaka í rekstrinum. Síðustu 3 ár hafa verið bestu ár félagsins og er velta þess um 5 milljarðar á ári. Gerum við ráð fyrir um 110-130 m.kr. hagnaði fyrir árið sem er ívið meira en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þá verður eigið fé félagsins komið í kringum 550 m.kr. í árslok 2013. Eign bænda í félaginu hefur því aukist jafnt og þétt frá hruni og er það mitt mat að bændur geti verið stoltir af félaginu og starfsemi þess.

Hjá félaginu starfa nú að jafnaði ríflega 170 starfsmenn en mælt í ársstörfum eru þau 190, auðvitað mun fleiri í sláturtíð, og er afkoma þeirra og fjölskyldna þeirra, undir félaginu komið. Félagið býr við þann auð að starfsmenn þess eru traustir og stoltir af félaginu og vilja hag þess sem mestan – það er ekki síður mikilvægur auður en sá sem sést í ársreikningi félagsins. Fyrir það erum við stjórn og stjórnendur þakklát.

Samkeppnin á markaði er áfram hörð en við horfum til þess að Norðlenska nái að stækka hægt og örugglega með innri vexti. Vörur félagsins eru tengdar við gæði og höfum við forðast að taka þátt í verðstríði, þótt vissulega verðum við að elta verð á markaðnum. Við höfum í gegnum árin byggt upp gott og traust samband við neytendur og mikilvægt að halda því áfram – það tekur langan tíma að byggja upp traust en bara andartak að rífa það niður.

Um leið og ég óska öllum félagsmönnum Búsældar til hamingju með 10 ára afmælið vil ég þakka samstarfsmönnum mínum innan Búsældar og Norðlenska fyrir gott samstarf á liðnum árum sem og öllum félagsmönnum Búsældar.

Ég óska ykkur jafnframt gleðilegra jóla – og megi nýtt ár verða ykkur og fjölskyldum ykkar eitt af ykkar allra bestu.

Heiðrún Jónsdóttir,
stjórnarformaður Norðlenska

Mikil samstaða frá upphafi

– Jón Benediktsson á Auðnum skrifar um stofnun Búsældar og fyrstu tíu starfsárin

Snemma sumars 2003 hóf starfshópur á vegum Búnaðarsambandanna í Suður-Pingeyjarsýslu og Eyjafirði könnun á möguleikum til þess að Norðlenska ehf, sem þá var í eigu Kaldbaks hf, eignarhaldsfélags KEA og þurfti endurfjármögnunar við, kæmist að meira eða minna leiti í eigu kjötframleiðenda á starfssvæði sínu. Til liðs við þennan hóp komu fulltrúar Sláturfélags Austurlands og bændur á Austurlandi. Búnaðarsamböndin fengu Gísla Karlsson fyrrv. framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs til að vinna úttekt á fyrirtækinu svo glöggva mætti sig á stöðu þess og möguleikum. Niðurstaðan varð jákvæð, fyrirtækið hefði trausta stöðu á íslenskum kjötmarkaði, væri í fremstu röð hvað snertir tækni og fagþekkingu og því ágætlega lífvænlegt ef tækist að endurfjármagna það. Viðræður að þessu lútandi fóru fram um sumarið og þó Sláturfélag Austurlands hætti að taka þátt í þeim héldu bændur af Austurlandi því áfram.

Í lok ágúst kom skyndilega upp sú staða að Kaldbakur hf, sem þá átti Norðlenska vildi vinna bráðan bug að því að selja fyrirtækið og hafði fengið tilboð í það. Heima fyrir álitu flestir slæman kost að Norðlenska yrði selt úr héraði og framtíð þess þar með í algerrri óvissu. Því varð að ráði að KEA svf. keypti Norðlenska í skyndi og jafnframt lýstu Búnaðarsamböndin því yfir að þau myndu vinna að stofnun félagskappar bænda með kaup á meirihluta í Norðlenska fyrir augum. Einnig var ákveðið að haldið yrði eftir 4% afurðaverðs eftir 1. september 2003 og yrði það fé eignarhluti hvers og eins innleggjanda í því félagi, svo fremi þeir vildu gerast þar félagsmenn og jafnframt gera viðskiptasamning við Norðlenska en ákveðið hafði verið að tengja þetta tvennt saman. Mat þeirra er að málinu höfðu unnið var að á þennan veg væri hægt að ná eftirtöldum markmiðum:

- Endurfjármagna Norðlenska og skapa því að nýju viðunandi rekstrarforsendur.
- Endurvekja traust á fyrirtækinu meðal bænda og annarra viðskiptaaðila.
- Tryggja áframhaldandi rekstur þess sem



Jón Benediktsson á fundi með bændum um þær mundir sem félagið Búsæld var stofnað fyrir áratug.

kjölfestufyrirtækis landbúnaðar í Eyjafirði, Pingeyjarsýslu og á Austurlandi.

- **Koma á beinum hagsmunatengslum milli framleiðenda og vinnlustöðvar og treysta þannig hagsmuni beggja.**

Sami hópur og áður vann áfram að málinu ásamt starfsmanni er ráðinn var í októbermánuði; Rögnvaldi Skíða Friðbjörnssyni á Dalvík. Fyrst þurfti að finna væntanlegum félagsskap form og kom þá einkum tvennt til greina, samvinnufélag eða hlutafélag, sem hefði verulegar takmarkanir á kaupum og sölu hlutafjár og nálgast á þann hátt form samvinnufélags. Eftir því sem á leið varð betur og betur ljóst að stofna þurfti lögaðila til að fylgja eftir því sem þegar hafði verið gert. Hinn 13. desember var svo einkahlutafélagið Búsæld stofnað og unnið áfram í nafni þess. Stofnendur þess, hluthafar og stjórnendur voru hinir sömu og höfðu starfað saman að málinu frá því í lok ágúst, þ.e. Jón Benediktsson, Auðnum,

S-Ping. formaður, Ingvi Stefánsson, Teigi, Eyjafirði, Aðalsteinn Jónsson, Klausturseli, Jökuldal, Geir Árdal, Dæli, S-Ping. og Jóhannes Æ. Jónsson, Espihóli, Eyjafirði. Varamaður var Sigurbjörn Snæþórsson, Gilsárteigi. Ástæðan til þess að þetta félagsform varð fyrir valinu er ekki síst sú að það er létt í vöfum hvað snertir stofnun og starfrækslu ásamt því að eignarhluti hvers og eins er alltaf greinilega afmarkaður. Einnig eru eigendaskipti að hlutum auðveld, t. d. við kynslóðaskipti á jörðum.

Þá daga, sem eftir lifðu af árinu var unnið að frágangi formsatriða vegna stofnunar og skráningar félagsins en á nýju ári var haldið áfram með aðstoð lögmanns og löggilts endurskoðanda vinnu við gerð forms að viðskiptasamningum, hluthafasamkomulags milli hluthafa að Búsæld og að faga samþykktir félagsins. Þessi vinna reyndist nokkuð tímafrek; hér var um nýmæli að ræða og því ekki fyrirmynda að leita annarsstaðar. Jafnframt fóru fram viðræður milli KEA svf og Bú-



Búsældarfundur á Kirkjubæjarklaustri vorið 2013. Frá vinstri: Margrét Harðardóttir og Páll Eggertsson frá Mýrum, Svana Sigurjónsdóttir og Gottsveinn Eggertsson frá Holti og Bergur Helgason frá Kálfafelli 2.

sældar um kaup á hlutafé í Norðlenska og skilmála þar að lútandi. Í lok apríl var síðan gengið frá kaupsamningi milli KEA svf og Búsældar um hlutafé í Norðlenska og eignaðist Búsæld ehf við það 147 milljónir kr. af 400 milljóna króna hlutafé Norðlenska eða 36,8%. Að baki þeirri eign stóð lánsamningur við Landsbanka Íslands að upphæð 132 millj. kr. og 15 millj. kr. af því fé er þá hafði verið haldið eftir af afurðaverði til bænda. Aðrir hluthafar auk KEA voru á þessum tíma Eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga, Akureyrarbær og Húsavíkurbær með samtals 83 millj. kr. Að þessu loknu var orðið tímabært að kynna niðurstöðuna fyrir bændum og hefja söfnun viðskiptasamninga. Haldnir voru kynningarfundir í héröðum og send til innleggjenda gögn vegna aðildar að Búsæld og viðskiptasamninga við Norðlenska. Þá var komið vor með öllum þeim önnur sem því fylgja og viðbrögð bænda urðu hæg í fyrstunni en að loknum vorverkum fóru viðskiptasamningarnir að streyma inn. Eftir að sláurtíð hófst í ágústlokin fóru þeir sauðfjárnætur, sem ekki höfðu svarað útsendum gögnum að gera viðskiptasamninga hver af öðrum og langstærstur hluti þeirra gekk frá samningum. Hiklaust má segja að bændur tækju þessu nýja skipulagi á tengslum sínum við afurðastöð vel, jafnvel betur en upphafsmenn Búsældar þorðu að vona.

Í september 2004 kom skyndilega upp sú staða að Sláurfélaginu Búa, sem annaðist slátrun á Höfn í Hornafirði var synjað um afurðalán og Norðlenska tók nær fyrirvaralaust við slátrun þar. Stjórnir Búsældar og Norðlenska ákváðu þá að gefa innleggjendum þar kost á sömu kjör-



Handtökin eru mörg í húsum Norðlenska í sláurtíðinni. Myndin er tekin á Húsavík.

um og öðrum er við Norðlenska skipta. Að lokinni sláurtíð höfðu verið gerðir viðskiptasamningar fyrir mikinn meirihluta þeirra sauðfjárnætur, sem framleiddar eru á félagssvæði sláurfélagsins Búa. Var þetta góður liðsauki, hluthafar þá orðnir tæplega 500 og framleiddu um 90% þess kjöts, sem frá slátruhúsum Norðlenska kom. Enn urðu nokkur tíðindi á þessum vettvangi árið 2005 þegar Sláurfélag Suðurlands hætti slátrun á Kirkjubæjarklaustri en þá gekk talsverður hópur bænda úr nálægum sveitum til liðs við Búsæld og flutti viðskipti sín til Norðlenska á Höfn. Styrktist félagið enn þar með og jafnframt var félagssvæðið orðið harla víðlent. Auk þess gerði þessi fjölgun kleift að lækka framlagið til hlutafjárkaupa úr 4% í 3,4%. Með batnandi efnahag og lakkandi skuldum hefur það lækkað mikið og er nú aðeins 1,5%.

Á sama ári var ákveðið að auka hlutafé Norðlenska um 150 millj. kr. og keypti Búsæld 70 milljónir af því. Voru kaupin

fjármögguð með eigin fé ásamt lánsfé. Var þá skuldabaggi Búsældar orðinn talsverður en þó vel bærilegur með þeirri framleiðsluaukningu og fjölgun hluthafa sem orðin var. Skuldirnar hafa greiðst eðlilega niður og verða um næstu áramót ekki nema 80-90 millj. kr.

Frá byrjun var stefnt að því að Búsæld eignaðist allt hlutafé í Norðlenska og í hluthafasamkomulagi milli félagsins og KEA skuldbundu félögin sig til að hefja á árinu 2007 viðræður um kaup Búsældar á hlut KEA. Búsæld var einnig skylt að kaupa á þessu ári hluti bæjarfélaganna. Viðræðurnar við KEA hófust snemma ársins og stóðu með hléum til sumars þegar ljóst varð að ekki gengi saman um verð hlutafjárins. Samkomulag varð hinsvegar um að sæta mati endurskoðunarfyrirtækisins KPMG á verðmæti hlutafjárins. Það mat lá fyrir á haustdögum og var Búsæld óhagstætt, kaupgengið ákveðið 1,705. Ýmissa ráða var leitað til að fjármagna kaupin en tókst ekki enda þá



Stjórn og varastjórn Búsældar fundaði í höfuðstöðvum Norðlenska í ársbyrjun 2013. Frá vinstri: Geir Árdal í Dæli, Ingvi Stefánsson í Teigi, Jón Benediktsson á Auðnum, Sigurbjörn Snæþórsson í Gilsárteigi, Sigurbjörn Karlsson Smyrlabjörgum, Gróa Jóhannsdóttir Hlíðarenda, Aðalsteinn Jónsson Klausturseli og Óskar Gunnarsson í Dæli, formaður stjórnar Búsældar.

Þegar farið að sneiðast um fé hjá fjármálastofnunum og blikur að draga á loft þó verra yrði síðar. Aðeins ein leið til að ná settu marki reyndist fær en hún var að selja fasteignir Norðlenska á Akureyri og nota það fé sem losnaði um með því móti til kaupanna. Var þessi leið farin; Miðpunktur ehf keypti fasteignirnar og gerði síðan um þær leigusamning við Norðlenska en jafnframt keypti Búsæld hlutfé KEA, Húsvíkurbæjar og Akureyrarbæjar en Norðlenska keypti sjálft hlut Eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga. Kaupverð var samtals 499.565.000 kr. Þar með höfðu framleiðendur eignast Norðlenska matborðið að fullu. Mikilvægum áfanga var náð og dagurinn þegar frá öllum kaup- og sölusamningum var gengið, 19. desember 2007 er tvímælalaust mesti merkisdagur í sögu Búsældar ehf.

Að tilmælum Landsbankans var ráðist í hlutfjár aukningu á árinu 2008 og bar hún þokkalegan árangur. En nú var skammt í þær miklu sviptingar sem hrun fjármálakerfisins haustið 2008 leiddu af sér. Of langt mál yrði að rekja hér og nú öll áhrif þess á Norðlenska og Búsæld en efnahagur þeirra mátti kallast hrynja. Alltaf tókst þó að standa í skilum við lánveitendur, og hluthafar stóðu þétt að baki félagsins og stjórnenda þess. Þetta harða él birti þó upp um síðir og að því loknu hafa Búsæld og Norðlenska náð á ný góðri afkomu og góðri efnahagsstöðu enda allan tímann stefnt kappsamlega að því marki. Líklega má segja að hrúnið hafi valdið þriggja ára töf á þeirri leið. Verðtrygging lána olli t.d. Búsæld tölverðum búsiþjóm og lengdi til muna endurgreiðslutíma lána.



Kjöt skorið á vinnslulínunni frá Marel á Akureyri.

Eins og áður er getið urðu hluthafar Búsældar fljótt margir og dreifðir, um síðustu áramót voru þeir 524. Til að hafa samband við þá hefur félagið í samstarfi við Norðlenska staðið fyrir árlegum fundahöldum víðsvegar um um Eyjafjarðar-, Þingeyjar-, Múla- og Skaftafellssýslur. Aðalfundir hafa einnig verið haldnir á víxl norðan-, austan- og suðaustanlands í þeim tilgangi að hluthafar á því svæði geti komið til fundanna með hægu móti. Þessir fundir hafa verið misvel sóttir og oft hefðum við viljað sjá þá fjölmennari en sú bót er þó í máli að takmörkuð fundasókn kann að lýsa litlum áhyggjum af félagsskapnum. Fréttabréf Búsældar/Norðlenska þjónar sama tilgangi en alltaf er til íhugunar hvort betur megi gera á þessu sviði.

Sú samheldni, sem þegar í upphafi skapaðist innan þess hóps er vann að stofnun Búsældar og milli þeirra og stjórnenda Norðlenska hefur haldist vel. Fjórir af þeim fimm er skipuðu fyrstu

stjórn félagsins sitja þar enn. Jóhannes Jónsson hætti störfum árið 2005 en í hans stað kom Trausti Þórisson á Hofsá í Svarfaðardal og síðan núverandi formaður, Óskar Gunnarsson á Dæli í Skíðadal. Varamönnum var fljótlega fjölgað og auk Sigurbjörns Snæþórssonar eru þeir nú Gróa Jóhannsdóttir, Hlíðarenda í Breiðdal, Sigurbjörn Karlsson, Smyrlabjörgum í Suðursveit og Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ljótastöðum í Skaftártungu. Starfsmenn hafa aðeins verið tveir, Rögnvaldur Skíði sem fyrr er getið og Ari Teitsson, sem einnig starfaði hjá félaginu um tíma.

Þegar litið er upphafs Búsældar verður ástandinu í slátrun og kjötvinnslu varla lýst öðruvísi en sem umbrota- og upplausnarástandi. Brýnasta viðfangsefnið var að vinna úr ríkjandi aðstæðum með hagsmuni framleiðendanna að leiðarljósi. Vonandi er að stjórnendum Búsældar og Norðlenska takist það áfram, hvað svo sem að kann að bera að á þessum starfsvettvangi.

Gaman að fylgjast með fyrirtækinu dafna

Haustið í Skaftártungu var eins og sumarið frekar votviðrasamt og þokugt, um miðjan október var enn ófarið í þriðja safn á Skaftártunguafretti og bændur að verða frekar svart-sýnir í suddanum. Sólin fór þó auðvitað að skína að lokum eins og alltaf gerist og 19. október sást undir marga hvíta gúmmískóbotna á hraðferð til fjalla í blíðunni. Þremur dögum seinna var lögsófnum lokið og hægt að koma lömbunum í sláturhús í tæka tíð fyrir hrútafellingu.

Úr Skaftártungu eins og Skaftárhreppi öllum er mjög áþekkt vegalengd hvort sem haldið er til vesturs á Selfoss eða í austur til Hafnar í Hornafirði. Því höfðu bændur sanngjarnt val þegar SS ákvað 2004 að úrelða starfsstöð sína á Kirkjubæjarklaustri. Val um hvort áfram yrði skipt við SS og lömbin færu þá á Selfoss til slátrunar eða snúa sér til Norðlenska sem þá var nýlega farið að slátra á Höfn í húsnæði Búa ehf. Það var góð tilfinning að geta valið hvert maður vildi beina viðskiptum sínum og ég ásamt fleiri bændum í Skaftárhreppi lagði lömbin inn hjá Norðlenska haustið 2005, mér hefur líkað það mjög vel og haldið mig þar. Aðrir bændur á þessu svæði sem hófu að skipta við Norðlenska hafa að



Heiða Guðný Ásgeirsdóttir.

sama skapi langflestir haldið sig við það og hefur heldur bæst í hópinn. Það hefur gegnum árin verið gaman að fylgjast með fyrirtækinu stækka og eflast og það er sérstaklega ánægjulegt að vita að þetta öfluga fyrirtæki er í dag að fullu í eigu bænda í gegnum Búsæld ehf.

Lífið vöðlast alltaf einhvern veginn áfram og þessa dagana er í Skaftártungu eins og annars staðar verið að undirbúa næstu sláturtíð og komu jólaanna, en tilhleygingar og jólastúss er samofið á velflestum sveitaheimilum á Íslandi. Ég óska ykkur öllum velfarnaðar við hvoru tveggja og megi það leiða af sér gleðileg jól og farsælt komandi framleiðsluár.

**Heiða Guðný Ásgeirsdóttir,
Ljótastöðum Skaftártungu**

Mér þykir í sannleika helvíti hart...

Sigmundur Hreiðarsson vinnslustjóri Norðlenska á Húsavík er í miklu sambandi við bændur, ekki síst í sláturtíðinni. Hann fékk skemmtileg bréf frá Ingibjörgu Bjarnadóttur í Gnúpufelli, bæði 2010 og 2011, vegna þess að henni hefði hvorki borist fréttabréf né heimtökueyðublað fyrir þessar sláturtíðar og lét hún fylgja með eftirfarandi vísur.

Þessa samdi Ingibjörg 2010:

Ég til ykkar skrifa þó taki því vart ég tel vera framhjá mér gengið. Mér þykir í sannleika helvíti hart að hafa öngvan blaðsnepil fengið.

Ingibjörg sendi Sigmundi svo þessar 2011:

Ykkur vil ég eitthvað sýna innri manni komið frá þá sem greiddu götu mína gæðastimpil set ég á.

Óskir mínar allar rætast oft þó sýnist gatan treg, þar sem greind og góðvild mætast gengur allt á besta veg.

Þyngsti bolinn

Þyngdarmet var slegið hjá Norðlenska í haust þegar holdanaut frá Breiðabóli á Svalbarðsströnd kom til slátrunar á Akureyri. Reyndist dýrið 553,1 kg. Þyngsti grípur sem slátrað hafði verið fram að þessu hjá fyrirtækinu var 526 kg boli frá Hleiðargarði í Eyjafjarðarsveit á síðasta ári.

Gripurinn frá Breiðabóli flokkaðist í gæðaflokk UN1A. Gylfi Halldórsson bóndi á Breiðabóli er ekki óvanur því að koma með þunga gripi til slátrunar. Hann lagði inn sex naut nú í haust og var meðalþungi þeirra 391 kg, en sá sem næstur kom „stóra bola“ var 468,7 kg.

Gylfi segist eiginlega ekki geta svarað því hvers vegna gripirnir frá honum eru jafn þungir og raun ber vitni. „Það hjálpar reyndar örugglega til að ég rækta korn og gef þeim. Uppistaðan í fæðunni er hey en ég gef þeim korn einu sinni á dag þar til þremur mánuðum fyrir slátrun, en tvisvar á dag eftir það,“ segir Gylfi. Hann segir kálfum yfirleitt slátrað 27-28 mánaða gömlum en „metbolinn“, sem hafi verið mjög stór allt frá fæðingu, var orðinn 29 mánaða og tveggja vikna.

Til gamans má geta þess að hakkefnið úr gripnum myndi sennilega duga í 3.000 hamburgara!



Nautsskrokkurinn stóri og Sigurður Sverrisson slátrari hjá Norðlenska á Akureyri.

Vonandi upphaf langrar vegferðar

Þegar Búsæld var stofnað fyrir 10 árum var ástandið á kjötmarkaðnum þannig að innleggjendur á norður og austurhluta landsins gátu ekki verið öruggir um afsetningu sinna gripa og því síður treyst á öruggar greiðslur fyrir innleggið. Því bauðst við stofnun Búsældar gott tækifæri fyrir bændur að hafa áhrif á sín afurðasölmulá sjálfir og jafnvel í framtíðinni að eignast Norðlenska að fullu. Þetta tækifæri greip ég fegin hendi og varð félagi í Búsæld og fyrir mig var aðalmálið að tryggja slátrun og örugga greiðslu fyrir mínar afurðir. Það að ég var jafnframt að eignast hlut í félaginu með hlutfjártillaginu var í mínum huga algjört aukatriði og leit ég ekki endilega á það sem eign sem tæki því að eignfæra. En það hefur breyst og í dag tel ég það góða fjárfestingu að eiga hlut í Búsæld.

Eftir að Búsæld eignaðist Norðlenska að fullu, tók stjórn Búsældar þá ákvörðun að fá í stjórn Norðlenska tvo aðila með viðtæka þekkingu á rekstri og rekstrarumhverfi fyrirtækja í stað þess að stjórnin yrði eingöngu skipuð Búsældarfélögum. Er það mín skoðun að þetta hafi verið ákvörðun sem hefur reynst Búsæld mjög vel við rekstur Norðlenska, ekki síst í þeim ólgusjó sem varð í rekstrarumhverfinu í kjölfar hrunsins. Það hefur verið dýrmætt fyrir stjórnendur Búsældar að hafa innaborðs í stjórn Norðlenska, aðila sem görþekking þá umhverfi og rata um það vö-



Gróa Jóhannsdóttir.

undrhús sem rekstur fyrirtækja við slíkar aðstæður er.

Er ekki kominn tími til að Norðlenska/Búsæld fari nú að borga bændum almennilegt verð fyrir afurðirnar? er spurning sem heyrst á flestum ef ekki öllum fundum félagsmanna Búsældar. Jú, það er svo sannarlega tími kominn til þess, en enginn getur greitt meira en rekstrarumhverfið býður uppá. (Ef svo væri myndum við líklega öll reikna okkur nokkrum hundruðum þúsundkalla meira í laun, en við sem stöndum í rekstri vitum að þannig gengur það ekki fyrir sig.)

Hlutverk Búsældar er að tryggja félagsmönnum slátrun og sölu á afurðunum og efla hag félagsmanna. Markmiðið er að greiða eins hátt afurðaverð og hægt er að bjóða upp á, á hverjum tíma, án þess þó að stofna sölu afurða og rekstri Norðlenska í voða, því varla erum við

bættari með afurðaverð sem fyrirtækið getur ekki staðið undir. Ég tel að Norðlenska hafi staðið sig nokkuð vel í þessu þegar upp er staðið en ákvörðun afurðaverðs hverju sinni er í höndum Norðlenska en ekki Búsældar.

Í mars 2012 lét Búsæld gera skoðannakönnun meðal félagsmanna. Þar kom fram að félagsmenn Búsældar eru almennt (77,7%) jákvæðir gagnvart félaginu og fannst mikilvægt (90,6%) að Búsæld sé alfarið í eigu bænda. Þessar niðurstöður benda eindregið til þess að félagsmenn séu ágægðir með fyrirkomulagið og þá þjónustu sem fyrirtækið okkar er að veita, enda hefur Norðlenska á að skipa mjög góðu starfsfólki.

Ég vil hvetja félagsfólk Búsældar til að vera virk í félagsstarfinu t.d. með því að mæta á fundi félagsins, fylgjast vel með rekstrinum og vera duglegt við að benda stjórnendum bæði Búsældar og Norðlenska á það sem ykkur finnst að betur mætti fara í rekstri félagana. Koma góðum hugmyndum og athugasemdum á framfæri frekar en að liggja á þeim í eldhúskrókunum.

Það er ósk mín á þessu afmælisári að Búsæld eigi bjarta framtíð fyrir sér og að við séum rétt að byrja á langri vegferð sem verði okkur öllum félagsmönnum í félaginu til hagsældar.

Gróa Jóhannsdóttir,
varastjórnarmaður í Búsæld



Búvís
ÁBURÐUR

www.buvis.is
Verið velkomin á vefsíðu okkar

**TRAUÐ OG GÆÐI
VELDU BÆÐI**

Gæða áburður
á góðu verði

Áburður	Efnisinnihald (hrein efni)				
	N	P	K	S	Ca Mg
Kraftur EU 27	26.8			4.2	2.4
Kraftur EU 27+S	26.8			3.5	5.0
Kraftur 34	34.4				
Völlur 30-5+S	30.0	2.0		3.0	
Völlur 28-12+S	27.5	5.0		2.9	
Völlur 26-6-6+S	26.0	2.5	4.9	2.0	
Völlur 20-10-10+S	20.5	4.2	8.0	4.5	
Völlur 23-7-12+S	23.0	3.0	10.0	1.0	
Völlur 17-15-15+S	16.5	6.4	12.0	2.0	

DESEMBERTILBOÐ
Félagsmenn Búsældar: Hafið samband



Búvís
Akureyri

Búvís ehf. | Akureyri | Sími 465 1332 | www.buvis.is

Blómlegt félag bænda

– Kveðja frá stjórnendum Norðlenska í tilefni 10 ára afmælisins

Um þessar mundir eru liðin tíu ár frá stofnun Búsældar. Búsæld er blómlegt félag bænda um eignarhald á Norðlenska matborðinu. Það voru í raun rósturtímar er bændur sameinuðust um að stofna Búsæld í þeim tilgangi að kaupa Norðlenska af KEA. Ekki voru allir sannfærðir um að þetta skref yrði norðlenskum bændum til góðs en hópur manna trúði á verkefnið og keyrði það áfram.

Það var skemmtilegt og gefandi verkefni fyrir stjórnendur Norðlenska að vinna hjá fyrirtækinu á þessum tímum og rækta hagsmuni Búsældarfélaga með öflugum rekstri Norðlenska. Það þurfti oft að sannfæra bændur um að eignarhald þeirra á Norðlenska myndi verða þeim framfaraspor, en stjórnendur voru sannfærðir um að félagið yrði Búsældarfélögum happafengur. Það er skemmt frá því



Sigmundur Einar Ófeigsson

að segja að með samhentum átaki eigenda (Búsældarfélaga), stjórnarmanna og starfsmanna hefur tekist að auka umsvif og efla rekstur Norðlenska síðustu 10 ár þrátt fyrir að oft hafi á móti blásið.

Stjórn og starfsmenn Norðlenska hafa lagt sig fram um að rækta fyrirtækið sem er mikils virði í dag enda eitt af stærri fyrirtækjum landsins. Búsældarfélagar, stjórn og starfsfólk Norðlenska eiga þakkið skildar fyrir það traust sem þeir hafa sýnt okkur stjórnendum Norðlenska. Við vonumst eftir áframhaldandi góðu samstarfi um að efla og bæta hag Norðlenska.

Til hamingju Búsældarfélagar.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnar Norðlenska

Sigmundur Einar Ófeigsson,
framkvæmdastjóri Norðlenska

Meðalvigt dilka á Húsavík aldrei verið hærri

Um 79.000 fjár var slátrað á Húsavík í haust og 35.100 á Höfn. Fleira fé hefur ekki verið slátrað á Húsavík síðan 2007 og meðalvigt dilka hefur aldrei verið hærri þar á bæ.



Sigmundur Hreiðarsson, vinnslustjóri Norðlenska á Húsavík, er ánægður með sláturtíðina. „Hvað varðar kjöttgæði, þá mældist kjöttgerð 8,40 en var í fyrra 8,23, fita mældist 6,49 á móti 6,42 í fyrra og

þar af leiðir að meðalvigt var 16,52 kg á móti 16,28 kg árið 2012 og reyndar er meðalvigt 2013 sú hæsta sem hér hefur mælst,” segir Sigmundur.

Einar Karlsson, sláturhússtjóri Norðlenska á Höfn, er einnig ánægður. Þar mældist kjöttgerð 8,20 en var í fyrra 8,45, fita mældist 6,47 á móti 6,86 í fyrra og meðalþyngd var heldur lægri en í fyrra, 15,77 kg nú á móti 16,19 kg árið 2012.

Alls var slátrað 35.051 fjár nú á Höfn en 35.323 á síðasta ári.

„Það er ekki hægt að segja annað en sláturtíðin hafi gengið mjög vel. Við sluppum við óveður nema í fyrstu vikunni, þegar gerði mikið hvassviðri þannig að fyrir vikið fórum við aðeins hægar af stað en við ætluðum. En að öðru leyti gekk allt upp,” segir Einar Karlsson.



Fréttabréf Búsældar, desember 2013

Ábyrgðarmaður: Óskar Gunnarsson – Umbrot og prentun: Ásprent, Akureyri